



# Breyting á aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2008-2020

# Stækkun iðnaðarsvæðis á Grundartanga



## Skýring og ástæða breytingar á aðalskipulagi


Breytingin á aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar varðar stækken iðnaðarsvæðisins á Grundartanga (skilgreint sem I1) um 6,9 ha til suðurs. Athafnasvæðið (skilgreint sem A7) mun minnka sem því nemur. Breytingin er gerð að beiðni Faxaflóahafna sf, eiganda þess lands sem um ræðir. Markmiðið er að geta boðið fyrirtækjum með lítt mengandi iðnaðarstarfsemi aðgang að atvinnusvæðinu. Með breytingu gefst kostur á fjölbreyttari uppyggingu hafnsækins iðnaðar á Grundartanga. Vilji Hvalfjarðarsveitar og Faxaflóahafna stendur til þess að á umræddu iðnaðarsvæði verði aðeins heimil starfsemi sem ekki er líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og ekki háð mati á umhverfisáhrifum sbr. lög nr. 106/2000.

Fyrirhugað er að heimila endurvinnslu á álgjalli, brotaáli og stáli sem fellur til hér á landi á umræddu svæði. Fyrirhugaðar framkvæmdir eru tilkynningaskildar til Skipulagsstofnunar sbr. lið 4a og d í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Fyrirhugaðar framkvæmdir voru tilkynntar til Skipulagsstofnunar í maí 2010. Stofrunin fór yfir þau gögn sem lögð voru fram við tilkynningu fyrirhugaðra framkværða og umsagnir vegna þeirra. Á grundvelli þeirra gagna var það niðurstaða Skipulagsstofnunar að endurvinnsla á álgjalli og stáli á Grundartanga, Hvalfjarðarsveit, sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Það samræmist stefnu sveitarfélagsins um að aðeins heimila iðnaðarstarfsemi sem hefur ekki í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og er ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Skipulagsstofnun tók ekki afstöðu til þess hvort að endurvinnsla á brotaáli sé líkleg til aða hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, og vera þar með háð mati á umhverfisáhrifum, þar sem ekki var gerð fullnægjandi grein fyrir gerð, áhrifum eða magni þeirra mengunarefna sem myndast við niðurbrot húðunarefnanna. Ef í ljós kemur að endurvinnsla á húðuðu brotaáli sé ekki háð mati á umhverfisáhrifum og teljist þar af leiðandi ekki hafa umtalsverð umhverfisáhrif mun ekki vera þórf á breytingu aðalskipulags eða nýrrí umhverfisskýrslu sbr. stefnu sveitarfélagsins. Til þess að tryggja enn frekar að aðeins lítt mengandi starfsemi verði á umræddu svæði verða í deiliskipulagi sett frekari skilmálakvæði sem m.a. varða eðli þeirrar starfsemi sem heimilið er, kröfur um mengunarvarnabúnað, umhverfisstefnu Faxaflóahafna og meðferð lóðaumsókna. Umhverfisskýrsla dags. 13.01.2011 var kynnt sbr. 7. gr. laga um umhverfismat áætlanar nr. 105/2006 samhliða kynningu á breytingartillögu aðalskipulags.

Aðalskipulagsbreyting pessi sem auglýst hefur verið skv. 31. gr. skipulagslag nr. 123/2011 var samþykkt í sveitarstjórn þann 14.6.2011

*Lanfryð Þorsteinn Þórhilsson*

Aðalskipulagsbreyting bessi var staðfest af Skipulagsstofnun þann 5.10.2011



## Landnotkun - Skýringar

- Iðnaðarsvæði (I)
- Athafnasvæði (A)
- Hafnarsvæði (H)
- Landbúnaður
- Efnistaka (E)
- Óbyggð svæði (-)
- Opið svæði til sérstakra nota(O)
- Þjóðminjavernd (Þ)
- Vötn, haf
- Göngu- og/eða reiðleið
- Stofnvegur (SV)
- Tengivegur (SV)
- Héraðsvegur/einkavegur
- Fyrirhugaður stofnvegur
- Þynningarvæði
- Náttúruverndarsvæði (N)
- Byggingar
- Rafveita
- Vatnsveita
- Fjarskiptamastur

Breyting á Aðalskipulagi  
Hvalfjarðarsveitar 2008-2020



Mælikvarði	Dagsetning	Verkheit	Skráreitit	Uppdráttur
1:50000 (A4)	13.01.2011	a356-Grundartangi-1	a356-G-1	þþ